

Erindisbréf fyrir nefndir Þingeyjarsveitar

Almennur hluti – allar nefndir

I

Nefndir Þingeyjarsveitar eru skipaðar af sveitarstjórn og heyra beint undir hana. Kjörtímabil nefnda er hið sama og sveitarstjórnar og skulu þær skipaðar innan mánaðar að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

II

Hver nefnd er skipuð 5 aðalmönnum og 5 til vara. Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns sem forfallast og síðan gildir röð þeirra í nefndaskipun.

III

Sveitarstjórn skipar formann nefndar en á fyrsta fundi nefndarinnar skal hún kjósa sér varaformann og ritara.

IV

Hver nefnd skal halda gerðabók og færa þar inn allar fundargerðir en heimilt er að færa fundargerðir í tölvu sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011. Skulu fundargerðir síðan undirritaðar af öllum nefndarmönnum. Fundargerð skal ritari skila sem fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.

V

Nefnd er sveitarstjórn til ráðgjafar og gerir tillögur að gjaldskráum í þeim málaflokkum sem undir hana heyra.

VI

Nefnd starfar náið með sveitarstjóra og hyggist nefndin stofna til kostnaðarsamra verkefna, utan lögboðinna verkefna hennar, ber henni í samráði við sveitarstjóra að gera verk- og kostnaðaráætlun og leggja fyrir sveitarstjórn. Nefnd skal ávallt veita sveitarstjórn umsögn við gerð fjárhagsáætlunar um þá málaflokka sem undir hana heyra.

VII

Formaður boðar fundi nefndar með minnst tveggja daga fyrirvara.

VIII

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

IX

Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar í atkvæðagreiðslum um málefni á vegum nefndarinnar.

X

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla megi að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns sbr. 7. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

XI

Í þeim tilvikum sem upp kunna að koma og erindisbréf nefnda taka ekki til, gilda ákvæði viðeigandi laga hverju sinni.